

Hverfisráð Öxarfjarðar

4. fundur

20. maí 2020 Staðsetning: Öxi Kópaskeri

Fundur settur kl. 20

Mættir eru:

Tryggvi Hrafn Sigurðsson, Guðfinna Sigurbjörnsdóttir og Vígðís Sigvarðardóttir

Fundargerð ritaði: Vígvíðís Sigvarðardóttir

Dagskrá fundar

1. Mál nr. 202004087 frá Skipulags og framkvæmdanefnd til umsagnar . Ósk um leyfi til að setja upp ljósmyndasýningu utandyra á Kópaskeri.

Hverfisráð Öxarfjarðar leggst ekki gegn uppsetningu á fyrirhugaðri ljósmyndasýningu á sjávarbakkanum milli Útskála og Kópaskersvita, svo fremi að gengið verði frá skiltum með öruggum hætti m.t.t. foks og ekki verði af varanlegt jarðrask.

Hverfisráð bendir á að sveitarfélagið Norðurþing hefur ekki umráð yfir landinu utan bæjargirðingar. (frá hliði og út að vita)

- ## 2. Aðgengi að fuglaskoðunaráhúsi á Kópaskeri.

Hverfisráð vekur athygli á því að aðgengi að fuglskoðunarhúsinu á Kópaskeri sé ábótavant, merkja þurfi bílastæði og gönguleið til að koma í veg fyrir utanvegaakstur og fyrir ónæði í nærliggjandi íbúðum.

- ### 3. Lúpína í vegkörtum.

Hverfisráð Öxarfjarðar skorar á Byggðaráð að beina tilmælum til Vegagerðarinnar að slá lúpínu meðfram vegaköntum við þjóðveg 85 um Núpasveit. Skuli það gert tímanlega ár hvert áður en aðstæður af völdum hennar fara að valda tjóni og óþægindum fyrir vegfarendur.

Vegstíkur víða hættar að sjást þegar líður á sumarið og fram á veturn, mikið er af fugli í lúpínunni sem lendir á bifreiðum og getur valdið tjóni á þeim og hættu fyrir bílstjóra.

4. Viðhald á leikvöllum / íþróttavöllum á Kópaskeri og í Lundi. Erindi um enduruppbyggingu körfuboltavallar í Lundi og á Kópaskeri hafnað við gerð framkvæmdaáætlunar 2020, en ákveðið að setja 3 m.kr. í leikvelli á Húsavík á 63.fundi Fjölskylduráðs 11. maí 2020.

Óskum eftir upplýsingum um fyrirhugað viðhald /framkvæmdir við leikvelli eða íþróttavelli austan Húsavíkur í Lundi og á Kópaskeri.

- Umhirða og viðhald eigna / svæða sveitarfélagsins í Öxarfjarðarhéraði, tjaldsvæði, opin svæði, sundlaugin og fl.

Óskum eftir að að fá til skoðunar framkvæmdaáætlun við hirðingu og viðhald eigna / svæða austan Húsavíkur í Lundi og á Kópaskeri frá Skipulags og framkvæmdaráði eða frá Umhverfisstjóra.

- Sumarstörf innan Öxarfjarðarhéraðs á vegum sveitarfélagsins.

Samkvæmt 65. fundargerð Skipulags og framkvæmdarnefndar, aðgerðarhópur Norðurþings vegna Covid-19 framkvæmdaáætlun 2020, verða ráðnir 4 einstaklingar í sumarstörf á framkvæmdasviði og hugsanlega að þarf að auki að ráða verkstjóra.

Óskum eftir upplýsingum um hvort þessi störf verði eingöngu í boðið á Húsavík eða einnig í Öxarfjarðarhéraði þar sem einnig kemur fram í fundargerðinni að ekki verði ráðinn starfsmaður í áhaldahúsið á Kópaskeri.

Óskum einnig eftir upplýsingum um hvort störf fyrir ungmenni og unglings verða í boði í Öxarfjarðarhéraði sumarið 2020.

- Önnur mál, gestir á fundinum.

Kristján Þór sveitarstjóri og Berglind Jóna skrifstofu- og skjalastjóri hjá Norðurþing mættu á fundinn, venja er að þau hitti hverfisráðin einu sinni á ári og fari yfir fundarsköp og fl.

Einnig voru rædd málefni staðarins eins og umhverfismál, sumarstörf, leikvellir, mál sem eru komin af stað í sveitarfélaginu og sem verið er að setja af stað.

Þökkum gestum komuna og fyrir málefnarlegar umræður.

Fundi slitið kl. 22.15

Vigdís Þórhildardóttir
Tryggvi Þórh. Sigurðsson
Guðhinnar Siguðsson